

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

#### *Deiliskipulag Hellnahrauns 3. áfanga.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 26. júní 2007 deiliskipulag Hellnahrauns 3. áfanga, í Hafnarfirði. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 100 lóðum frá 3.300 til 8.800 m<sup>2</sup> að stærð. Starfsemi á svæðinu mun tilheyra flokkum B1 og B2 eins og þeir eru skilgreindir í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Deiliskipulag Kapelluhrauns, 1. áfanga.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 26. júní 2007 deiliskipulag Kapelluhrauns, 1. áfanga í Hafnarfirði. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 20 lóðum frá 4.000 m<sup>2</sup> og upp í 12 ha að stærð. Starfsemi á svæðinu mun tilheyra flokki B3 eins og hann er skilgreindur í aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 24. júlí 2007,*

**Anna Sofia Kristjánsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 24. júlí 2007